

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 1. maí 2009 í máli nr. E-255/2008:

A

(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

gegn

B

(Erlendur Þór Gunnarsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars sl., höfðaði Þ hinn 12. desember 2008 gegn stefnda, B. Með bókun við upphaf aðalmeðferðar málsins 25. mars sl. var aðild þess breytt á þann veg, með samþykki stefnda og vísan til 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að stefnandi yrði, í stað þrotabúsins, A.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að rift verði ráðstöfun eða afhendingu C, á 9.291.000 krónum til stefnda 11. maí 2005.
2. Að stefndi greiði Þ 9.291.000 krónur í bætur með dráttarvöxtum frá 11. maí 2005 til greiðsludags.
3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I.

Málsatvik eru samkvæmt framlögðum gögnum þau að stefnandi og C voru í sambúð frá október 1999 til 15. júní 2004. Frá 15. júlí 2005 hefur C verið skráð í sambúð með stefnda og er lögheimili þeirra að D, sbr. vottorð Þjóðskrár frá 4. nóvember 2008.

Við upphaf sambúðar C og stefnanda átti C íbúð sem seld var á sambúðartímanum. Í hennar stað var keypt íbúð að E, sem C var ein skráð kaupandi að. Þá íbúð seldi hún 29. apríl 2005. Skömmu áður, eða hinn 20. apríl 2005, hafði stefnandi sett fram við Héraðsdóm Reykjaness kröfu um opinber skipti til fjárslita milli þeirra C. Félst dómurinn á þá kröfu stefnanda með úrskurði 31. maí 2005.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 2. júlí 2007, í málinu nr. Q-..., var viðurkenndur 40% eignarhlutur stefnanda í íbúðinni að E á móti 60% eignarhluta C. Ennfremur var viðurkennt að stefnandi væri helmingsseigandi að hlutabréfum í Kaupþingi banka hf. sem C hafði keypt á sambúðartíma hennar og stefnanda.

Niðurstaða hinna opinberu skipta til fjárlita milli stefnanda og C varð sú að konan skyldi greiða stefnanda 4.694.010 krónur, sbr. frumvarp til úthlutunar vegna skiptanna frá 14. nóvember 2007, en skiptunum lauk á skiptafundi 20. sama mánaðar.

Stefnandi höfðaði mál gegn C 19. desember 2007 og krafðist greiðslu á fyrrnefndum 4.694.010 krónum ásamt dráttarvöxtum. Útivist varð í málinu af hálfu konunnar og var stefnan árituð af dómara um aðfararhæfi 20. sama mánaðar. Á grundvelli hinnar árituðu stefnu var gert árangurslaust fjárnám hjá C 7. febrúar 2008. Hinn 14. apríl það ár barst dómnum síðan krafa stefnanda þess efnis að bú C yrði tekið til gjaldþrotaskipta, mál nr. G-... Var málið tekið til úrskurðar 7. maí 2008 og í því kveðinn upp úrskurður degi síðar þess efnis að bú konunnar væri tekið til gjaldþrotaskipta. Í sama þinghaldi var Björn Jóhannesson hrl. skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Samkvæmt framlagðri kröfulýsingarskrá gerðu fimm aðilar kröfu í Þ, þar á meðal stefnandi sem gerði tvær kröfur í búið. Var annarri kröfunni hafnað af skiptastjóra en hin samþykkt. Sú síðarnefnda er krafa sú sem viðurkennd var með fyrrgreindum úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 2. júlí 2007, að fjárhæð 4.694.010 krónur.

C gaf skýrslu hjá skiptastjóra 23. maí 2008. Var þá meðal annars eftirfarandi bókað eftir konunni:

Aðspurð skýrir C frá því að krafa gjaldþrotaskiptabeiðanda sé tilkomin vegna ágreinings sem upp kom við sambúðarslit hennar og A um mitt ár 2004 um skiptingu eigna og greiðslu skulda. C kveðst hafa átt íbúð að E og hafi ein verið þinglýstur eigandi að þeirri íbúð. Niðurstaða dómstóla hafi síðar verið á þá leið að A hafi verið dæmdur eigandi að 40% eignarhluta í íbúðinni en þegar niðurstaða dómstóla hafi legið fyrir hafi hún verið búin að selja íbúðina og söluandvirðinu ráðstafað upp í sameiginlegar skuldir. ...

Aðspurð kveðst C ekki kannast við neinar þær ráðstafanir í fjármálum sínum á undangegnum misserum sem kunni að vera riftanlegar samkvæmt ákvæðum gjaldþrotalaga. ...

C gaf skýrslu að nýju hjá skiptastjóra 21. ágúst 2008. Bókaði skiptastjóri þá meðal annars eftir konunni:

C vill að það komi fram með skýrum hætti að hún hafi ekki staðið að kaupunum á D. B hafi einn staðið að kaupunum eins og kaupsamningur og afsal vegna eignarinnar gefa til kynna með skýrum hætti. ... Það hafi alla tíð komið fram af hennar hálfu að B hafi einn staðið að kaupunum og hún hafi ekki komið þar nærri og B eigi eignina einn enn þann dag í dag.

Skiptastjóri óskar eftir því að C upplýsi um það með nákvæmum hætti hvernig söluverðmæti fasteignarinnar að E, hafi verið ráðstafað en fasteignin var seld með kaupsamningi dags. 29. apríl 2005 og hafi kr. 9.668.342,- af kaupverðinu, sem var kr. 23,5 milljónir, verið greitt með peningum. C kveðst hafa greitt sameiginlegar skuldir hennar og A, þar hafi m.a. verið um að ræða yfirdráttarskuld í Glitni banka ... að fjárhæð kr. 1.000.000,- sem hafi verið sameiginleg skuld. Auk þess hafi verið um að ræða yfirdráttarskuld á bankareikningi í KB banka hf. ... svo og margvíslegar aðrar sameiginlegar lausaskuldir, þ.á m. visaskuld og skuldir vegna raðgreiðslusamninga. C kveðst ekki geta upplýst um þetta með nákvæmum hætti, einfaldlega þar sem hún sé ekki með gögn um ráðstöfunina en vill þó geta þess að stór hluti af þessu hafi einnig farið til framfærslu, greiðslu lögfræðikostnaðar vegna forsjárdeilu, ferðalaga erlendis og innanlands, bifreiðakaupa, framfærslu barna og ýmislegs annars sem hún kveðst ekki geta skýrt frekar. ...

... C segir að hluti af söluandvirði fasteignarinnar og hlutabréfanna hafi farið inn á bankareikninga í hennar nafni, og þá inn á reikninga nr. ...

Með bréfi 10. október 2008 staðfesti Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali á Ási fasteignasölu, að greiðslum vegna kaupsamnings, dagsettu 29. apríl 2005, um fasteignina E hafi annars vegar verið ráðstafað inn á reikning í eigu stefnda, 9.291.000 krónur, og hins vegar hafi 16. ágúst 2005 verið greiddar 319.582 krónur inn á reikning skiptastjóra þess sem skipaður hafi verið vegna opinberra skipta til fjárslita milli stefnanda og C. Sú greiðsla hafi verið lokagreiðsla samkvæmt uppgjöri.

Skiptafundur var haldinn 5. nóvember 2008 í Þ. Í framlagðri fundargerð kemur fram að boðað hafi verið til fundarins vegna framkominnar beiðni stefnanda um heimild til málshöfðunar í eigin nafni, en í þágu þrotabúsins, með vísan til ákvæða 130. gr. laga nr. 21/1991. Þá segir jafnframt að stefnandi telji þrotabúið eiga kröfu á stefnda vegna ráðstöfunar þrotamanns á áður nefndum 9.291.000 krónum til stefnda 29. apríl 2005. Í niðurlagi fundargerðarinnar segir síðan svo:

Skiptastjóri mun ekki halda uppi þeim hagsmunum sem þrotabúið kanna að njóta eða getur notið, og lýst er í fyrrgreindu bréfi Guðmundar Kristjánssonar hrl. frá 15. október sl. Í samræmi við ákvæði 130. gr. laga nr. 21/1991 eiga einstakir kröfuhafar í þrotabúið rétt á því að taka hagsmunina að sér og fylgja þeim eftir í eigin nafni vegna þrotabúsins. Í ljósi þess að þrotabúið mun ekki halda uppi þessum hagsmunum verður ekki annað séð en A (sic) (*stefnandi*), sem á viðurkennda kröfu í þrotabúið, eigi rétt á að taka að sér fyrrgreinda hagsmuni í ljósi fyrrgreindrar afstöðu skiptastjóra.

Hinn 12. desember 2008 var mál þetta síðan höfðað á hendur stefnda samkvæmt áðursögðu.

II.

Stefnandi vísar til þess að við skýrslugjöf hjá skiptastjóra 23. maí 2008 hafi C sagst hafa selt umrædda íbúð að E og ráðstafað söluandvirðinu upp í „sameiginlegar skuldir“. Þá hafi C við skýrslugjöfina ekki kannast við að hafa gert neinar þær ráðstafanir í fjármálum sínum á undangengnum misserum sem kynnu að vera riftanlegar samkvæmt ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Aftur hafi C gefið skýrslu hjá skiptastjóra 21. ágúst 2008 og hann þá óskað eftir að hún upplýsti „... með nákvæmum hætti, hvernig söluverðmæti fasteignarinnar að E, hafi verið ráðstafað en fasteignin var seld með kaupsamningi dags. 29. apríl 2005 og hafi kr. 9.668.342,- af kaupverðinu, sem var kr. 23,5 milljónir, verið greitt með peningum.“ C hafi sagst hafa greitt sameiginlegar skuldir þeirra stefnanda, sem hún hafi síðan útlitað, en jafnframt getið þess „... að stór hluti af þessu hafi einnig farið til framfærslu, greiðslu lögfræðikostnaðar vegna forsjárdeilu, ferðalaga erlendis og innanlands, bifreiðakaupa, framfærslu barna og ýmislegs annars sem hún kvaðst ekki geta skýrt frekar.“ Öllu söluandvirði áður nefndra hlutabréfa hafi C sagt hafa verið ráðstafað í neyslu og til greiðslu skulda. Þá hafi hluti söluandvirðis fasteignarinnar, sem og hlutabréfanna, farið inn á tiltekna bankareikninga hennar.

Stefnandi vísar enn fremur til þess að með bréfi til skiptastjóra 10. október 2008 hafi fasteignasali hjá fasteignasölunni Ási í Hafnarfirði, sem annast hafi sölu fyrrnefndrar íbúðar, staðfest að 11. maí 2005 hafi kaupsamningsgreiðslu af íbúðinni að fjárhæð 9.291.000 krónur verið ráðstafað inn á reikning stefnda. Það hafi verið gert samkvæmt yfirlýsingu C, dagsettri 29. apríl 2005, þar um.

Fyrir liggur að sögn stefnanda að skráð sambúð stefnda og C hafi hafist 15. júlí 2005 og einnig að samband þeirra og samdráttur hafi hafist rúmu ári áður og orðið tilefni sambúðarslita hennar og stefnanda. Enn fremur sé upplýst að fasteignina D, sem sé einbýlishús og lögheimili stefnda og C frá síðastgreindum degi, hafi stefndi keypt með kaupsamningi 18. maí 2005. C riti reyndar nafn sitt á kaupsamninginn sem kaupandi, auk stefnda, enda þótt stefndi sé þar einn skráður sem slíkur.

Með vísan til framanritaðs er það hald stefnanda að með ráðstöfun sinni á 9.291.000 krónum inn á bankareikning stefnda, sambýlismanns síns, hafi C komið því til leiðar að samsvarandi eign hennar hafi ekki verið stefnanda og öðrum kröfuhöfum hennar til reiðu til fullnustu krafna þeirra. Jafnframt hafi ráðstöfun C leitt til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns. Við ráðstöfunina hafi hún orðið ógjaldfær og það hafi stefndi vitað, eða mátt vita, sem og um þær aðstæður sem gerðu ráðstöfunina ótilhlýðilega. Umrædd háttsemi C hafi beinlínis varðað við 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Öll atvik í máli þessu séu með þeim hætti sem lagagreinin taki til og beri því að rifta ráðstöfun C og gera stefnda að greiða umkrafðar bætur skv. 3. mgr. 142. gr. nefndra laga, sbr. og almennar reglur skaðabótaréttar.

Hvað varðar kröfu sína um málskostnað bendir stefnandi sérstaklega á að hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi gagnaðila síns.

III.

Af hálfu stefnda er því alfarið mótmælt að 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. eigi við ráðstöfun C 11. maí 2005 á 9.291.000 krónum inn á bankareikning stefnda. Stefndi kveður ljóst af orðalagi ákvæðisins að um almenna riftunarreglu sé að ræða sem sé öðrum ákvæðum XX. kafla laga nr. 21/1991 til fyllingar. Reglan sé undantekningarregla, er skýra beri þröngt til samræmis við almennar lögskýringarreglur, sem komi til skoðunar þegar aðrar reglur laganna eigi ekki við. Raunar hafi verið tekið fram í frumvarpi því sem varð að gjaldþrotalögum nr. 6/1978, sbr. skýringar við 61. gr. þeirra laga sem hafi verið samhljóða nefndri 141. gr. laga nr. 21/1991, að sjaldan muni það vera raunhæft að löggæringum verði rift á grundvelli ákvæðisins.

Stefndi bendir á að hin hlutlægu skilyrði 141. gr. fyrir riftun ótillhlýðilegra ráðstafana séu ekki uppfyllt í málinu. Þannig geti stefndi ekki talist kröfuhafi í skilningi ákvæðisins og enn síður verði séð hvernig umrædd ráðstöfun getur hafa leitt til skuldaaukningar öðrum kröfuhöfum til tjóns. Með ráðstöfuninni hafi hvorki aukist greiðslubyrði þrotamanns, né skuldastaða hans almennt, og er fullyrðingum stefnanda um hið gagnstæða í stefnu alfarið hafnað af stefnda. Vísar stefndi til þess að þrátt fyrir að kaupsamningsgreiðslu að fjárhæð 9.291.000 krónur hafi verið ráðstafað inn á hans reikning hafi þrotamaður haft fullan aðgang og ráðstöfunarrétt yfir fjármuninum. Viti stefndi ekki betur en þeim hafi verið ráðstafað með þeim hætti sem fram komi í skýrslu skiptastjóra af C frá 21. ágúst 2008, þ.e. til greiðslu sameiginlegra skulda þrotamanns og stefnanda, margvíslegra lausaskulda, framfærslu, greiðslu lögfræðikostnaðar vegna forsjárdeilu, ferðalaga erlendis og innanlands, bifreiðakaupa, framfærslu barna o.fl. Kveðst stefndi hafna því alfarið, sem látið sé liggja að í stefnu, að umræddum fjármunum hafi verið varið til kaupa á eign stefnda að D. Þau kaup hafi stefndi fjármagnað með eigin fé og lánsfé. Sé það staðfest af þrotamanni í áður nefndri skýrslu skiptastjóra en í henni komi skýrt fram að C hafi ekki á neinn hátt staðið að kaupunum á nefndri fasteign. Það hafi stefndi einn gert svo sem kaupsamningur og afsal eignarinnar beri með sér.

Þá mótmælir stefndi því einnig að það skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991, er lúti að því að eignir þrotamanns verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum, sé uppfyllt í málinu. Til þess verði að líta að þrotamaður hafi einn verið skráður og þinglýstur kaupsamningshafi og eigandi eignarinnar að E. Þrotamaður hafi selt fasteignina með kaupsamningi 29. apríl 2005 og eðli málsins samkvæmt haft fullan rétt til að ráðstafa umræddri eign sinni að vild. Honum hafi jafnframt verið frjálst að ráðstafa kaupsamningsgreiðslu þeirri, að fjárhæð 9.291.000 krónur, sem fengist hafi við sölu eignarinnar 11. maí sama ár. Vísar stefndi til þess að í apríl og maí 2005 hafi þrotamaður, að því er stefndi viti best, hvorki verið í skuld við stefnanda né aðra þá kröfuhafa sem lýst hafi kröfu í þrotabú hans. Það hafi raunar ekki verið fyrr en með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 2. júlí 2007, eða 782 dögum eftir hina umdeildu ráðstöfun, sem viðurkennt hafi verið að stefnandi væri eigandi að 40% hluta fasteignarinnar að E á móti þrotamanni og jafnframt helmingseigandi að hlutabréfum í Kaupþingi banka hf., er C hafi keypt á sambúðartíma hennar og stefnanda. Stefnandi hafi því ekki verið réttmætur og viðurkenndur kröfuhafi á þeim tíma sem ráðstöfunin hafi verið framkvæmd. Þá hafi krafa hans einfaldlega ekki verið viðurkennd og raunar lagt frá því útséð um það hvort hann ætti yfir höfuð nokkra kröfu á hendur þrotamanni.

Með vísan til framangreinds kveðst stefndi alfarið hafna því að hin hlutlægu skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 séu uppfyllt í málinu og að ráðstöfun þrotamanns til stefnda hafi á einhvern hátt verið ótilhlýðileg í skilningi ákvæðisins.

Verði talið að hin hlutlægu skilyrði títtnefndrar 141. gr. laga nr. 21/1991 séu uppfyllt í málinu kveðst stefndi reisa sýknukröfu sína á því að hann hafi verið grandlaus um að þrotamaður hafi verið ógjaldfær eða orðið það vegna umræddrar ráðstöfunar og einnig um þær aðstæður sem leitt hafi til þess að ráðstöfun þrotamanns var ótilhlýðileg. Hin huglægu skilyrði ákvæðisins séu því heldur ekki uppfyllt.

Stefndi segir nánar að er umræddri fjárhæð hafi verið ráðstafað inn á hans reikning 11. maí 2005 hafi hann ekki vitað betur en fjárhagur C væri mjög góður, enda hún í engum vanskilum. Þá hafi krafa stefnanda, sem síðar varð grundvöllur gjaldþrotaskipta á búi C, ekki verið viðurkennd fyrr en með opinberum skiptum til fjárslita milli hans og C, er lokið hafi með samþykktu frumvarpi skiptastjóra 20. nóvember 2007, eða 923 dögum eftir að hin umdeilda fjárhæð var lögð inn á reikning stefnda. Samkvæmt þessu sé fullyrðingum stefnanda um að stefndi hafi vitað eða mátt vita að C hafi orðið ógjaldfær við ráðstöfunina og jafnframt um þær aðstæður sem gert hafi hana ótilhlýðilega alfarið hafnað. Verði ekki með nokkru móti séð hvernig stefndi gæti hafa sýnt af sér saknæma háttsemi með viðtöku á ráðstöfun frá þrotamanni gagnvart kröfuhafa, og skiptabeidanda, sem eignast hafi kröfu á hendur þrotamanni 923 dögum eftir að ráðstöfunin átti sér stað. Lætur stefndi þess og getið í þessu sambandi að hann hafi enga vitneskju um það haft 11. maí 2005 að stefnandi hefði krafist opinberra skipta til fjárslita milli sín og C 20. apríl sama ár. Enn síður hafi hann getað vitað að viðurkenndur yrði eignarréttur stefnanda að 40 hundraðshlutum í fasteigninni að E, enda C ein verið þinglýstur eigandi eignarinnar.

Stefndi hafnar því ennfremur að C hafi verið ógjaldfær 11. maí 2005, eða orðið það vegna títtnefndrar ráðstöfunar. Aukinheldur segist stefndi ekki með nokkru móti hafa getað vitað, eða mátt vita, að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg, enda hún tilhlýðileg með öllu að hans mati. Telur stefndi orsakir ógjaldfærni þrotamanns ekki að rekja til innborgunar hans á reikning stefnda heldur ráðstöfunar á þeirri fjárhæð í kjölfarið, sbr. skýringar þær sem þrotamaður hafi gefið skiptastjóra og áður voru raktar.

Samkvæmt öllu framangreindu segir stefndi ljóst að hann hafi á engan hátt sýnt af sér saknæma háttsemi er umrædd fjárhæð var lögð inn á reikning í hans eigu 11. maí 2005. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfu stefnanda.

Varakröfu sína kveðst stefndi byggja á því að bótakrafa stefnanda sé stórlega ofmetin og í engu samræmi við raunverulegt tjón kröfuhafa þrotabúsins, sbr. það sem að framan er rakið. Þannig segi í 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 að fari riftun fram á grundvelli 141. gr. laganna skuli sá sem hag hafi haft af riftanlegri ráðstöfun greiða bætur eftir almennum reglum. Svo sem áður hafi verið rakið hafi fjármunir þeir sem lagðir voru inn á reikning stefnda farið til greiðslu sameiginlegra skulda þrotamanns og stefnanda, margvíslegra lausaskulda, framfærslu, greiðslu lögfræðikostnaðar vegna forsjardeilu, ferðalaga erlendis og innanlands, bifreiðakaupa, framfærslu barna o.fl. Því sé ljóst að stefndi hafi ekki haft þann hag

af ráðstöfuninni sem í kröfum stefnanda greini og því beri að lækka stefnufjárhæðina stórlega.

Hvað varðar kröfu sína um málskostnað bendir stefndi sérstaklega á að hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili. Honum beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnanda.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefndi meðal annars til ákvæða laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 141. og 3. mgr. 142. gr. laganna.

IV.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. má krefjast riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamanns verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg.

Það er stefnanda, þeim sem byggir á því að riftunarregla 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. eigi hér við, sem samkvæmt almennum venjuhelguðum reglum um sönnun ber að sanna að skilyrði lagagreinarinnar séu uppfyllt.

Með yfirlýsingu fasteignasala sem sá um söluna á íbúðinni að E, dagsettri 10. október 2008, sem og yfirlýsingu kaupanda og seljanda eignarinnar frá 29. apríl 2005, liggur fyrir að kaupsamningsgreiðsla að fjárhæð 9.291.000 krónur var 11. maí 2005 lögð inn á reikning stefnda nr. Málatilbúnaður stefnanda byggir á því að í innlögnum þessari hafi fallist ótilhlýðileg ráðstöfun í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991 sem leitt hafi til þess að eignir þrotamanns, C, séu nú ekki til reiðu til fullnustu kröfu hans að fjárhæð 4.694.010 krónur samkvæmt frumvarpi til úthlutunar vegna opinberra skipta til fjárslita milli hans og C frá 14. nóvember 2007, sem og til fullnustu krafna annarra þeirra er lýst hafa kröfum í þrotabú C.

Stefndi vísar til þess í málinu að þrátt fyrir að áðurnefndri kaupsamningsgreiðslu hafi verið ráðstafað inn á hans reikning hafi þrotamaður, C, haft fullan aðgang og ráðstöfunarrétt yfir fjármununum. Viti stefndi ekki betur en þeim hafi verið ráðstafað með þeim hætti sem fram komi í skýrslu skiptastjóra af C frá 21. ágúst 2008 og rakið er í kafla I hér að framan.

Það eitt liggur haldbært fyrir í málinu um afdrif fyrrnefndrar kaupsamningsgreiðslu að fjárhæð 9.291.000 krónur að hún var 11. maí 2005 lögð inn á reikning stefnda. Stefndi hefur enga tilraun gert til að sanna þá fullyrðingu sína að þrotamaður hafi í framhaldinu verið sá aðili sem ráðstafaði fjármununum með þeim hætti sem konan bar fyrir skiptastjóra og áður var rakið. Þannig liggur hvorki fyrir yfirlit færslna af umræddum reikningi stefnda í kjölfar þess að fyrrgreind fjárhæð var inn á hann lögð né heldur önnur þau gögn sem rennt gætu stoðum undir áðurnefnda fullyrðingu stefnda. Þykir samkvæmt því mega slá því föstu að 11. maí 2005 hafi þrotamaður ráðstafað 9.291.000 krónum inn á reikning stefnda án þess að nokkurt endurgjald kæmi fyrir. Þar sem sá einhliða örlætisgæringur leiddi til þess að eignir þrotamanns urðu síðar ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum verður að telja

ráðstöfunina ótilhlýðilega í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991.

Eðli málsins samkvæmt var hinn 40% eignarhlutur stefnanda í íbúðinni að E staðreynd er hin umdeilda ráðstöfun var framkvæmd þó svo þau réttindi hans hefðu ekki verið viðurkennd fyrr en með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 2. júlí 2007, í málinu nr. Q-... Með vísan til þess og að því virtu sem upplýst hefur verið í málinu um fjárhagsstöðu þrotamanns á umræddu tímamarki, sem og síðar, þykir mega slá því föstu að þrotamaður hafi orðið ógjaldfær vegna ráðstöfunarinnar.

Næst kemur til skoðunar hvort sá sem hag hafði af hinni umdeildu ráðstöfun, stefndi í máli þessu, vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins, á þeim tíma sem ráðstöfunin var framkvæmd. Afar fátækleg skrifleg gögn liggja fyrir í málinu um það atriði og þá voru hvorki teknar aðila- né vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins. Að mati dómsins liggja þannig ekki fyrir nægilega haldbær gögn um á hvaða stigi samband stefnda og þrotamanns var 11. maí 2005, sérstaklega þegar það er virt í fjárhagslegu tilliti. Er sú staða uppi í málinu þrátt fyrir að ekki verði annað séð en stefnanda hafi verið ýmsar leiðir færar til að varpa á þetta atriði frekara ljósi.

Að framangreindu og gögnum málsins virtum þykir mega slá því föstu að stefndi hafi enga vitneskju haft um fjárhagslega erfiðleika þrotamanns á því tímamarki sem hin umdeilda ráðstöfun var framkvæmd. Jafnframt er ósannað að stefndi hafi haft um það vitneskju 11. maí 2005 að stefnandi hafði sett fram kröfu um opinber skipti til fjárslita milli þeirra C 20. apríl sama ár. Síðast en ekki síst verður til þess að líta að fyrrgreindur eignarhlutur stefnanda í íbúðinni að E, sem síðar varð grundvöllur þeirrar kröfu er leiddi til gjaldþrotaskiptanna, var ekki viðurkenndur fyrr en með áðurnefndum úrskurði 2. júlí 2007, í málinu nr. Q-... en eins og ítrekað hefur komið fram var þrotamaður einn þinglýstur eigandi þeirrar eignar. Að þessu og öðru framangreindu heildstætt virtu þykir ósannað, svo sem málið liggur fyrir dóminum, að stefndi hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamanns á þeim tíma sem títtnefnd ráðstöfun var framkvæmd. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, B, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, A, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Kristinn Halldórsson

